



Ræða formanns Viðskiptaráðs Íslands

Hreggviður Jónsson

Forsætisráðherra, þingmenn, aðrir gestir – velkomin á Viðskiptaþing 2015

Ég óska nýjum formanni, Katrínu Olgu Jóhannesdóttur, **til hamingju** með kjör sitt. Það var tími til komin að **kona** tæki við þessu embætti í fyrsta sinn – nú rétt fyrir 100 ára afmæli ráðsins. Katrín, ég óska þér **velfarnaðar í starfi** - og jafnframt óska ég öðrum stjórnarmönnum sem hlutu kosningu til hamingju með kjör sitt

Ágætu þinggestir

Í dag hittumst við undir yfirskriftinni **Héraðsmót eða Heimsleikar? –Innlendur rekstur í alþjóðlegu samhengi**.

Titill þingsins á sér skírskotun í stöðu íslenskra fyrirtækja á innlendum markaði. Rétt eins og keppendur á héraðsmótum, sækja viðmið, innblástur og þekkingu frá stærri viðburðum, **horfa innlend fyrirtæki til þess** hvaða aðferðir skila sér best á alþjóðlegum vettvangi. Við metum árangur okkar **því bæði útfrá því** hvernig við stöndum okkur í héraði og á heimsvísu. Og eins og á héraðsmótum geta keppendur komið víða að. Þannig er enginn öruggur heima í héraði þrátt fyrir að hafa haft yfirburði í nokkurn tíma. Það er **aldrei hægt að segja til um** hvenær nýr keppandi eða nýjar aðferðir skjóta upp kollinum. Samkeppninni ber að fagna enda er markmiðið að **heildarframmistaða keppenda sé sem best**.

Hugtakið framleiðni skipar sívaxandi sess í umræðu um efnahagsmál. Stöðugt fleiri gera sér grein fyrir hvað raunverulega fellst í hugtakinu. Aukin framleiðni **snýst ekki um að vinna lengur, fjárfesta meira** eða **nýta náttúruauðlindir í ríkari mæli**. Aukin framleiðni snýst um **betri nýtingu** - að ná meiru útúr minna.

Til lengri tíma er aukin framleiðni **eini sjálfbæri drifkraftur hagvaxtar**. Það er skýr afstaða Viðskiptaráðs að grundvöllur bættra lífskjara felist í aukinni verðmætasköpun. Frá þeim sjónarhóli má því kalla framleiðni **lykillinn að bættum lífskjörum**.

Framleiðni á Íslandi er lág samanborið við helstu nágrannaríki okkar. Vandi fyrirtækja í innlendum rekstri felst í **lágri framleiðni vinnuafis**. Það þýðir að hver starfsmaður skapar **of lítil verðmæti**. Þetta er staðreynd hvort sem horft er til sömu atvinnugreina á Norðurlöndunum eða frammistöðu útflutningsgreina á Íslandi. Framfarir á þessu sviði myndu því skila **verulegum lífskjarabótum á Íslandi**. En, heildarniðurstaðan segir þó ekki alla söguna enda er hlutfallsleg frammistaða atvinnugreina afar misjöfn. Í sumum þeirra er framleiðni hærri en gengur og gerist í nágrannaríkjum okkar en í öðrum vantar talsvert uppá. **Innlendi þjónustugeirinn** er sá hluti hagkerfisins sem býður uppá **mest tækifæri til aukinnar framleiðni**.

Á borðunum fyrir framan ykkur er rit Viðskiptaþingsins í ár, **Leiðin á heimsleikana: Aukin framleiðni í innlendum rekstri**. Í því er fjallað um áskoranir og tækifæri fyrirtækja í innlenda þjónustugeiranum. **Ég hvet ykkur öll**, til að taka það með ykkur og lesa, til að glöggva ykkur enn betur á þeim viðfangsefnum sem við fjöllum um hér í dag.

Góðir gestir

Talað orð gildir

Þegar horft er til eiginleika íslenska hagkerfisins er **smæðin** sá þáttur sem sker sig úr. Það er flestum ljóst að smæð markaðarins hefur bein áhrif á framleiðni og hún er jafnframt **undirrót margra þeirra áskorana** sem fyrirtæki í innlendum rekstri glíma við. Ef ekki er stefnt að því að margfalda íbúafjölda hérlandis næstu árin þurfa stjórnvöld því að móta umgjörð atvinnulífsins með hliðsjón af þeim áskorunum sem smæðinni geta fylgt. **Í því samhengi vil ég nefna þrennt:**

- **Í fyrsta lagi;** búa íslensk fyrirtæki við **of miklar efnahagssveiflur**. Þótt ákveðinn breytileiki sé hluti af heilbrigðu markaðshagkerfi keyrir óstöðugleikinn hérlandis úr hófi fram. Sveiflurnar draga úr getu innlendra fyrirtækja til að **móta langtímaáætlanir, byggja upp sérhæft vinnuafli og fjárfesta í tækjum** sem auka rekstrarhagkvæmni. Opinber fjármál og stöðugleiki á vinnumarkaði hafa verið **akkilesarhæll okkar í þessum efnunum**. **Örsmár gjaldmiðill**, krefst jafnframt, miklu meiri aga í hagstjórn en við höfum sýnt til þessa.
- **Í öðru lagi;** eru **stofnanakerfi og leikreglur** á Íslandi **ekki** í takt við eðli hagkerfisins. Þrátt fyrir smæðina höldum við úti sambærilegu stofnanakerfi og **margfalt stærri ríki**. Afleiðingin er hærrí hlutfallslegur kostnaðar og rýrari gæði. Á sama tíma hafa leikreglur ekki alltaf verið sniðnar að aðstæðum. Þannig er **regluverk og eftirlit** meira íþyngjandi en víða annars staðar, **í stað þess**, að hér séu mótaðar **skilvirkari og sveigjanlegri** leikreglur til að **vega á móti** því óhagræði sem smæðinni fylgir.
- **Í þriðja lagi;** hafa **ýmsar viðskiptahindranir** verið lagðar í veg fyrir aukna framleiðni innlendra fyrirtækja. Þar ber helst að nefna **hömlur gegn alþjóðlegri samkeppni**. Nærtækasta dæmið er umfangsmikil tollvernd á sviði landbúnaðar en **jafnframt** eru ýmsar hindranir í vegi fyrir fjárfestingu erlendra aðila á innlendum markaði. Þá skapar óskilvirk skattlagning viðskiptahindranir sem draga úr framleiðni, s.s. **flóknir neysluskattar, stimpilgjöld og ýmsir sértækir skattar**. Þá skapar hið opinbera samkeppnisraskanir af ýmsu tagi. Þar má nefna beina samkeppni við einkaaðila í gegnum Ríkisútvarpið, Landsbankann og Sorpu, óbeina samkeppni í gegnum Fríhöfnina og **ríkiseinokun** í formi ÁTVR og hluta af starfsemi Íslandspósts. Þetta eru **allt atriði** sem standa framleiðni innlendra fyrirtækja fyrir þrifum.

Ágætu fundargestir

Stjórnvöld hafa stigið mikilvæg skref í tengslum við ýmsar af framangreindum áskorunum. Forsendur langtímastöðugleika **bötnuðu til muna** með nauðasamningum þrotabúa föllnu bankanna. Og þrátt fyrir innistæðulausa kjarasamninga síðustu misserin virðast aðilar vinnumarkaðarins sammála um að leiða verklag samningagerðar í skynsamlegri farveg. Þá hafa stjórnvöld einfaldað neysluskatta til muna með því að fella niður vörugjöld og tolla í flestum vöruflokkum. **Þessu ber að sjálfsögðu að fagna!**

En, betur má ef duga skal. Af þeim þremur megináskorunum sem ég nefndi hér að framan hafa umbætur á **stofnanakerfi og leikreglum** setið á hakanum. Þrátt fyrir að flestir stjórnálamenn **virðist sammála** um þann ávinning sem felst í færri og skilvirkari opinberum stofnunum hefur lítið verið um aðgerðir. **Það er í raun ótrúlegt** að 300 þúsund manna samfélag skuli halda úti **182 ríkisstofnunum** og **nokkur hundruð rekstrareiningum** til viðbótar á sveitastjórnarstiginu. Þá hafa núverandi stjórnvöld gefið út afdráttarlausar yfirlýsingar um að regluverk skuli einfaldað og skilvirkni eftirlits aukin. Engu að síður, hefur **alltof lítið breyst** og þetta er einn helsti þröskuldur aukinnar framleiðni innlendra fyrirtækja. **Tökum dæmi:**

Fyrir rúmu ári síðan innleiddu stjórnvöld reglur um milliverðlagningu á Íslandi. Reglur sem þessar eru þekktar víða erlendis þar sem aðal markmið þeirra er að sporna við skattasniðgöngu á milli landamæra hjá stórum alþjóðlegum fyrirtækjum. Upphafleg útfærsla þessara reglna hér var **meira íþyngjandi** en hjá nágrannaríkjum okkar og hefði skapað innlendum fyrirtækjum **verulegan umsýslukostnað - án sjáanlegs ávinnings**.

Talað orð gildir

Viðskiptaráð greip inn í þessa atburðarrás. Í gegnum samskipti við fjármálaráðuneyti, meðlimi efnahags- og viðskiptanefndar og aðra aðila tengda málinu **tókst okkur** að lágmarka kostnaðaraukann fyrir atvinnulífið, með því að fá í gegn, hagfelldar breytingar á fyrirhuguðum lögum. Árlegur sparnaður af þessu fyrir fyrirtækin í landinu hleypur á **hundruðum milljóna króna**.

En þótt ásættanleg niðurstaða hafi náðst í **þessu máli** eru ýmis dæmi um hið gagnstæða. Ef vinna á kerfisbundið gegn mistökum af þessu tagi þarf breytt viðhorf og verklag innan stjórn-sýslunnar. Markmið regluverks er að stuðla að eðlilegu viðskiptaumhverfi, en það má ekki ganga svo langt að það standi framleiðni og framförum fyrir þrífum.

Þetta dæmi, **sýnir glögglega**, hversu dýrmætt starf Viðskiptaráðs er. En, til að skapa nauðsynlegt aðhald í þessum efnunum, **skiptir sköpum**, að öll burðug íslensk fyrirtæki, taki þátt í starfsemi ráðsins.

Í þessu samhengi vil ég jafnframt nýta tækifærið og undirstrika mikilvægi þess **að við** sem sinnum forystustörfum innan viðskiptalífsins **göngum fram með góðu fordæmi**. Það er **auðvelt** að benda á þær breytingar í umgjörð fyrirtækja sem væru til þess fallnar að efla framleiðni. Stjórnvöld sjá um jarðveginn **en við** verðum að rækta garðinn rétt. Framlag hvers og eins fyrirtækis hefur kannski **minni** áhrif en ákvarðanir stjórnvalda, **en margt smátt gerir eitt stórt**, hvort sem við breytum rétt **eða** verðum uppvís að óvönduðum vinnubrögðum. Við verðum að horfa á aðgerðir okkar útfrá heildarhagsmunum, sinna verkefnum okkar af heiðarleika, tileinka okkur góða stjórnarhætti og sýna ábyrgð gagnvart samfélaginu. Hagsmunir viðskiptalífs og almennings eiga að fara saman.

Góðir fundarmenn

Ég vil þakka fyrir þann tíma sem ég hef fengið að vera formaður Viðskiptaráðs Íslands. Þetta hafa bæði verið **annasöm og ánægjuleg fjögur ár**.

- Málefna-starf ráðsins hefur verið öflugt og einkennst annars vegar af stefnumörkun í efnahagsmálum og hins vegar af almennri hagsmunagæslu. Þegar ég tók við formennsku fyrir fjórum árum síðan þá stóð ég hér í pontu og kynnti samkomulag við minn gamla vinnuveitanda, **McKinsey & Company**, um að gera úttekt á íslensku efnahagslífi og framtíðartækifærum þess. **Þessi skýrsla** hefur myndað hryggjarstykki í áherslum Viðskiptaráðs undanfarin ár og tel ég óhætt að segja að aldrei hafi ein skýrsla haft jafn mikil áhrif á efnahagsmálin á Íslandi. Ég vil þakka McKinsey fyrir þetta mikilvæga framlag, **því það er ekki sjálfgefið** að fyrirtæki leggi í slíkt verkefni á eigin kostnað. Samkvæmt tillögum skýrslunnar var Samráðsvettvangi um aukna hagsæld komið á fót í byrjun árs 2013. Það var **ánægjulegt og jafnframt einstakt** að ná helstu hagsmunaaðilum í íslensku efnahagslífi **saman við eitt borð**. Innan Samráðsvettvangsins voru lagðar fram viðamiklar hagvaxtartilögur sem spönnuðu alla hluta hagkerfisins. Ýmsar þessara tillagna eru þegar komnar til framkvæmda, **en ég skal alveg viðurkenna** að ég hefði gjarnan viljað sjá hraðari framgang í þeim efnunum. Á sumarmánuðum 2013 mörkuðum við hjá Viðskiptaráði fjögurra ára stefnu sem byggði á grunni McKinsey skýrslunnar. Þessi aðferðafræði hefur gert okkur kleift að fjalla **með markvissum hætti** um helstu tækifæri og áskoranir í íslensku efnahagslífi.
- Menntamál hafa **einnig** verið í brennidepli, en í huga okkar hjá Viðskiptaráði er **menntun** eitt stærsta efnahagsmál þjóðarinnar. Það er því **afar ánægjulegt** hversu stórir áfangar hafa náðst í starfsemi ráðsins á því sviði. Þannig hefur tekist að snúa við rekstri Háskólans í Reykjavík sem var kominn í **erfiða stöðu** í kjölfar hrunsins. Húsnæðismálum skólans var komið í varanlegan farveg með kaupum á fasteigninni í Vatnsmýri í ársbyrjun 2014 auk þess sem stjórnskipulag hans var styrkt. Þá var aðkoma atvinnulífsins að Verslunarskóla Íslands breikkuð með myndum nýs fulltrúaráðs, en áður hafi skólinn verið gerður að sjálfseignastofnun. Einnig er vert að fagna því að Versló tók upp þriggja ára nám á haustmánuðum síðasta árs **að frumkvæði Viðskiptaráðs**. Menntasjóður Viðskiptaráðs rekur nú tvo öfluga sjóði sem úthluta styrkjum til **náms, rannsókna og annarra verkefna sem efla íslenskt menntakerfi**. Styrkúthlutanir hafa

Talað orð gildir

aukist verulega og styðja því mun betur við markmið ráðsins. **Þannig fjórfölduðust úthlutanir sjóðanna á milli ára**, þar sem þær fóru úr 2 milljónum króna í 8,5 milljón. Við vonumst jafnframt til að geta aukið styrkveitingar enn frekar á komandi árum.

- Þá vil ég nefna flutning á skrifstofum ráðsins fyrir rúmu ári síðan. Sú ákvörðun að selja hæð okkar í Húsi verslunarinnar og kaupa hlut í Húsi atvinnulífsins byggði bæði á **faglegum og rekstrarlegum sjónarmiðum**. Samnýting stoðþjónustu og sameiginlegrar aðstöðu með öðrum félagasamtökum í húsinu gerir okkur kleift að verja meira fjármagni í kjarnastarfsemi. **Með öðrum orðum**, þá var framleiðni í innlenda þjónustugeiranum **aukin** með þessari ráðstöfun. Þá hefur það reynst okkur afar vel að starfa í návígi við þau samtök sem hafa aðsetur sitt í Húsi atvinnulífsins. **Aukið samstarf og meiri sérhæfing** skila sterkari heild en ella.

Ágætir fundargestir

Undanfarin fjögur ár hafa verið endurreisnartími á Íslandi. Hagvöxtur hefur verið umtalsverður og farið vaxandi. Með hliðsjón af helstu hagvísum hafa staða og framtíðarhorfur þjóðarbúsins **sjaldan verið betri**. **Ég trúi því**; að á Íslandi sé hægt að byggja upp skilvirkt samfélag, sem nýti sér alla þá kosti sem smæðinni geta fylgt, til að örva framtak einstaklinga og fyrirtækja.

Við sem hér sitjum, **berum ríka ábyrgð á** að spila vel úr þeim tækifærum sem íslensku samfélagi bjóðast. **Hagsmunir atvinnulífs, hins opinbera og samfélagsins í heild** - eru þeir sömu. Ég vona að umræður dagsins geti orðið okkur innblástur í þeim verkefnum sem framundan eru og styrkt þannig grundvöll bættra lífskjara á Íslandi.

Kæru aðildarfélagar, stjórnarmenn og starfsfólk Viðskiptaráðs. **Takk fyrir traustið og gott samstarf á liðnum árum.**